



Alþingi
Erindi nr. P 135/1837
komudagur 18.3.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


17. mars 2008

Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um prófessorembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla hefur fjallað um þessa tillögu og fagnar því að fram sé komin tillaga um að stofna prófessorembætti í íslenskum fræðum. Jafnframt leggur stjórnin á það mikla áherslu að ef þessi staða verði stofnuð þá fylgi henni nægilegt fjármagn til frambúðar til að kosta stöðuna og þau rannsóknarverkefni sem henni fylgja en kostnaðurinn verði ekki tekinn af núverandi fjárframlagi til Háskóla Íslands sem þýði þá niðurskurð á öðrum verkefnum Hugvísindadeildar.

Virðingarfyllst,


Gísli Már Gíslason
formaður Félags prófessora